

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um norrænt samstarf þjóðskráa.

Frá Bryndísi Haraldsdóttur.

1. Tekur ráðuneytið þátt í norrænu samstarfi um sjálfvirk upplýsingaskipti milli þjóðskráa?
2. Hver er afstaða ráðherra til slíkra upplýsingaskipta milli þjóðskráa á Norðurlöndum?
3. Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir því að slíkt samstarf verði eflt og að sjálfvirk upplýsingaskipti verði að veruleika?

Skriflegt svar óskast.